

**175.fundur í Skipulagsnefnd Skaftárhrepps
haldinn 11.júní 2022 kl. 15.00 Kirkjubæjarstofu – þekkingarsetri, Kirkjubæjarklaustri.**

Mætt til fundar eru Jón Hrafn Karlsson, Rúnar Þorri Guðnason, Guðbrandur Magnússon (boðaði forföll), Jóhannes Gissurarson og Elín Heiða Valsdóttir. Jafnframt Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri og Ólafur E Júlíusson skipulags- og byggingafulltrúi.

Viðbót við dagskrá:

Liður 4. Byggingarleyfisumsókn vegna viðbyggingar við Hótel Klaustur

Liður 5. Heildarendurskoðun Ask Skaftárhrepps 2019-2031 – Athugasemdafrestur framlengdur.

Samþykkt.

Dagskrá:

1. Kæra til ÚUA vegna framkvæmdaleyfis fyrir Hnútvirkjun í Hverfisfljóti – Greinargerð.

Formaður skipulagsnefndar hefur kallað eftir gögnum frá Landsneti, RARIK og Orkustofnun. Einungis komin viðbrögð frá Landsneti.

Sveitarstjórn fékk frest til 18.júlí nk til að skila af sér greinargerð til ÚUA. Sótt var um viðbótarfrest til ÚUA sem veittur var til 10.ágúst nk. og skal greinargerðinni skilað inn fyrir þann tíma.

Skipulags- og byggingafulltrúa falið að halda utanum vinnu og gagnaöflun í kringum greinargerðina.

2. DSK milli Klausturvegar og Skaftár

Fyrir liggja upplýsingar frá íbúafundi og fjarfundi frá 25.11.2021.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að skipulagslýsing verði unnin fyrir lok október nk.

3. Lóð fyrir spennistöð – RARIK

Ekki liggja fyrir nægjanleg gögn og málinu vísað til Dsk gerðar skv. lið 2.

4. Byggingaleyfisumsókn vegna viðbyggingar/útigeymslu, Mhl 05, við Hótel Klaustur

Ekki liggur fyrir Dsk af lóðinni.

Skipulagsnefnd tekur jákvætt í byggingaráformin og felur skipulags- og byggingafulltrúa að ljúka málinu.

5. Heildarendurskoðun ASK Skaftárhrepps 2019-2031


Auglýst frá 19.mái 2022 með athugasemdafresti sem rann út 30.júní sl. Einungis 5 athugasemdir bárust innan þess tíma. Ein samtök hafa sótt um framlengingu.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn, í ljósi kosninga, sumarleyfa og dræmra skila á athugasemdum fyrir 30.júní sl., að athugasemdafrestur verði framlengdur til 11.ágúst nk

Fleira ekki gert fundi slitið 17.00

Jón Hrafn Karlsson

Jóhannes Gissurarson


Elín Heiða Valsdóttir

Rúnar Þorri Guðnason